

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

403. fundur

Miðvikudaginn 19. febrúar 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundagerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Samgöngusáttmálinn
2. Endastöð við Skúlagötu

Tekið fyrir:

1. Samgöngusáttmálinn

Í framhaldi af kynningafundi stýrihóps um stöðu verkefna við innleiðingu Samgöngusáttmála fyrir stjórn Strætó þann 14. febrúar 2025, óskuðu nokkrir stjórnarmeðlimir eftir fundi í stjórn Strætó til að ræða nánar þær upplýsingar sem fram komu um framgang verkefnisins og næstu skref. Framkvæmdastjóri fór yfir aðdragandi, kynningar inn í sveitarfélögum og hvað væri framundan í vinnu vegna innleiðingar samkomulags um Samgöngusáttmálans. Stjórn óskaði eftir að framkvæmdastjóri leitaði svara hjá stýrihóp við spurningum stjórnar sem fram komu á fundinum. Einnig kom fram að búið er að boða til fundar í stefnuráði Strætó.

2. Endastöð Skúlagötu

Framkvæmdastjóri kynnti helstu aðgerðir sem gripið hefur verið til til að bregðast við umkvörtunum íbúa vegna vagna sem ganga í lausagangi. Farið var yfir málið heildstætt en brýnt fyrir stjórnendum Strætó að lágmarka hávaðamengun. Framkvæmdastjóri mun funda með hlutaðeigandi íbúum.

Fundi slitið 9:00

Fylgiskjöl:

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar Björn Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson